

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, þverá I.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst annars vegar í því að 3,64 ha opið svæði til sérstakra nota (tún- og garðrækt) og opið óbyggt svæði, breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Hins vegar breytist 23,8 ha opið svæði til sérstakra nota (tún- og garðrækt), opið óbyggt svæði og nytjaskógræktarsvæði, í frístundabyggðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.